

Borgarnes, 28. september 2020

Tilvísun: 2020010005

PTHS/

Tilv. ykkar:

Efni: Girðingar á vegum opinberra aðila.

Skipaður hefur verið starfshópur á vegum allra ráðuneyta ríkisstjórnarinnar með það markmið að móta samstarf helstu aðila sem hagsmuna hafa að gæta varðandi umbætur og hagræðingu vegna girðinga og hvernig þetta samstarf verði best unnið á svæðisvísu.

Starfshópurinn hefur nú verið settur saman og hafist handa við undirbúning fyrsta áfanga verkefnisins og óskum við eftir aðstoð ykkar við gagnaöflun verkefnisins.

Í fyrsta áfanga vinni hópurinn uppfærðar kostnaðartölur og samantekt um legu og umfang girðinga hverrar stofnunar, sveitafélaga og eftir atvikum annara aðila eftir landssvæðum. Jafnframt vinni hópurinn greiningu á helstu hagsmunum, áskonunum og tækifærum til úrbóta við núverandi aðstæður s.s. m.t.t. kostnaðar, gróðurverndar, ræktunar, dýraverndar og umferðaröryggis.

Í öðrum áfanga dragi hópurinn saman tillögur að verkefnum sem geti leitt til ávinnings. Þessar tillögur byggja á samráði við þá sem best þekkja til aðstæðna á hverju svæði.

Til þess að svona vinna skili sem bestum árangri er mikilvægt að fá upplýsingar og sjónarhorn allra hagsmunaraðila því óskar starfshópurinn eftir samvinnu og upplýsingum frá þinni/þínu stofnun/sveitafélagi sbr. neðan greint.

1. Kostnaðartölur síðustu ára við nýbyggingar girðinga skipt niður á ár fyrir árin 2015-2019 (2020 ef hægt er)
2. Kostnaðartölur við viðhaldskostnað girðinga girðinga skipt niður á ár fyrir árin 2015-2019 (2020 ef hægt er)
3. Umfang girðinga og gerð þinnar/ þíns stofnunar/sveitafélags eftir sveitafélögum/landshluta og nánari staðsetningar t.d. GPS mælt/korti/korta grunni. Sjá fylgiskjal.
4. Hverjir eru helstu hagsmunir og áskoranir stofnunarinnar/sveitafélags þegar kemur að girðingum viðhaldi og nýbyggingum.
5. Hvar sér stofnunin/sveitafélagið tækifæri til úrbóta miðað við núverandi aðstæður.
6. Kostnaðartölur við smölun búfjár skipt niður á árin 2015-2019(2020 ef hægt er)

Ef ekki eru til upplýsingar um ofangreint óskar nefndin eftir því að fá upplýsingar um lengd girðinga í viðhaldi, nýbyggingu og endurnýjun á forræði viðkomandi stofnunnar/sveitafélags.

Þar sem starfshópurinn á að skila af sér fyrsta áfanga verkefnisins eigi síðar en 1. Desember 2020 þá er óskað eftir því að viðkomandi gögn berist sem allra fyrst eða eigi síðar en 9. Október 2020.

Virðingarfyllst,



Pálmi Þór Sævarsson, formaður starfshópsins, tilnefndur af Vegagerðinni

Starfshópurinn skipa.

Sigríður Júlía Brynleifsdóttir, sviðsstjóri tilnefnd af Skógræktinni

Unnsteinn Snorri Snorrason, framkvæmdarstjóri, tilnefndur af Bændasamtökunum

Sigrún Bjarnadóttir, sérgreinadýralæknir, tilnefnd af Matvælastofnun

Ingibjörg Birna Erlingsdóttir, sveitarstjóri, tilnefnd af Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Gustav Magnús Ásbjörnsson, sviðsstjóri, tilnefndur af Landgræðslunni.